

Alþingi
Erindi nr. þ 139/781
komudagur 7.12.2010

Sjávarútvegs – og landbúnaðarnefnd Alþingis Reykjavík 7. desember 2010
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

1011005HA MKH/gk
Málalykill: 613

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni
um nytjastofna sjávar, 203. mál – þskj. 220**

Hafnasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, þskj. 220 – 203. mál, sbr. rafréf dags. 22. nóvember 2010.

Hafnasamband Íslands styður þær breytingar sem hér eru lagðar til á framangreindum lögum, enda er það mat hafnasambandsins að ákvæði b.-liðar 1. gr. frumvarpsins nái ekki til upplýsinga sem hafnirnar láta Fiskistofu í té.

Það skiptir hafnirnar miklu máli að upplýsingar úr vigrar- og ráðstöfunarskýrslum liggi fyrir sem fyrst hjá Fiskistofu, þar sem hafnirnar þurfa að nota upplýsingar úr þessum skýrslum, m.a. vegna innheimtu á aflagjaldi. Þar sem sá tími er líður frá löndun afla og þar til umræddar skýrslur berast til Fiskistofu er sífellt að lengjast, hefur það skapað höfnunum verulegu óhagræði varðandi innheimtu aflagjalda.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Magnús Karel Hannesson
starfsmaður HÍ